



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Reykjavík, 28. apríl 2025

USK24030171

SVAR VIÐ TILLÖGA

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. mars 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld, umhverfis- og skipulagssvið setji viðgerðir og framkvæmdir á leikskólum í forgang.

Greinargerð:

Ekki þarf að fara mörgum orðum í að lýsa því neyðarástandi sem ríki í borginni vegna skorts á leikskólaplássum. Ástæður fyrir þessum mikla skortir eru auk þess að mistekist hefur að fullklára verkefnið Brúum bilið. Mannekla er annar stór vandi sem er orðinn rótgróinn í Reykjavík og sem meirihlutinn hefur ekki tekist að vinna bug á. Það sjá flestir sem vilja að umhverfis- og skipulagssvið getur gert betur, gengið röskar í þetta stóra verkefni enda neyðin mikil. Annað minna áriðandi getur beðið betri tíma. Í desember 2023 kom í samantekt sem birt var í fjölmiðlum að frá árinu 2018 hefur greinst mygla í yfir 30 skólahúsum sem tilheyra borgarreknum leik- og grunnskólum. Í fyrra voru yfir 1.200 grunn- og leikskólabörn í húsnæði utan skólalóðar heimaskóla vegna mygluvandamála, 860 grunnskólabörn og 350 leikskólabörn. Síðan þá hafa líklega bæst við tugi barna. Mygla í leikskólum borgarinnar hefur gert vonda stöðu enn verri. Skortur á leikskólaplássum er í sögulegu hámarki. Mörg hundruð börn bíða eftir pláss. Viðhald og viðgerðir ganga allt of hægt og bera skipulagsyfirvöld ábyrgð á því. Leggja má til hliðar um stund önnur verkefni s.s. Grófarhús, Hlemm og önnur sambærileg verkefni/byggingar sem meira eru til skrauts eða til að hýsa afþreyingu

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 20. mars 2024.

Svar:

Áætlun vegna viðhaldsátaks í húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundar 2022-2028 var samþykkt í borgarráði 4. nóvember 2021 og er unnið samkvæmt þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Til grundvallar við forgangsöröðun er sú ástandsskoðun á húsnæði sem fram fór árin 2020 – 2021 og kynnt var í borgarráði 4. nóvember 2021.



Reykjavík



Áætlunin er endurskoðuð eftir þörfum og tekur breytingum hvað varðar forgangsröðun, umfang og fjárbörf.

Meðal þeirra þátta sem forgangsröðun byggir á eru:

- Að tryggja öryggi notenda
- Að tryggja heilnæmt umhverfi (loft/raki/mygla/hljóðvist)
- Að bæta aðgengi fyrir alla
- Að fyrirbyggja skemmdir mannvirkja
- Hagkvæm nýting fjármuna

Við endanlega forgangsröðun framkvæmda er einnig horft til áforma borgarinnar um breytingar, viðbyggingar og endurnýjunaráform til að tryggja skynsamlega nýtingu fjármuna. og einnig tekið tillit til sjónarmiða skóla- og frístundasviðs s.s. vegna mögulegra áhrifa framkvæmda á starfsemi á hverjum stað.

Virðingarfyllst,
*Skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Umhverfis- og skipulagssvið*



Reykjavík